UMHVERFIS
STOFNUN

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730Reyðarfjörður

Reykjavík 7. júní 2019
UST201801-335/F.T.
08.14.02

**Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. apríl sl. þar sem fjallað var um frávik sem skráð var í eftirliti á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi þann 18. október 2018.

**Frávikið er eftirfarandi:**

1. **3.-liður, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.** Kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar í samræmi við ákvæði í viðauka I reglugerðar nr. 738/2003. **Stofnuninni hefur borist umsókn um breytingu á starfsleyfi urðunarstaðarins. Kröfur um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma verða útfærðar samhliða vinnslu nýs starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn. Ásamt þessu verður sótt um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Austurlands

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is